

## 3. gr.

Gjald fyrir vatn til skipa skal vera kr. 25.00 pr. teningsmeter frá kl. 8—17 á 24. okt. virkum dögum, en kr. 30.00 pr. teningsmeter á öðrum tíma.

## 149

## 4. gr.

Inntaksgjald skal vera kr. 1000.00—5000.00 pr. inntak, eftir mati bæjarverkfræðings.

## 5. gr.

Leiga fyrir vatnsmæli:

Fyrir allt að 10 rúmmetra á klst. ....	kr. 30.00 á mán.
— — — 20 — — — .....	— 40.00 — —
— — — 40 — — — .....	— 100.00 — —

## 6. gr.

Gjald fyrir enduropnun inntaks er kr. 500.00.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 24. október 1961.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 178 9. nóv. 1959, um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berkla sjúklinga.

150

25. okt.

## 1. gr.

Fyrri málsgrein 6. gr. orðist svo:

Vinningar eru samtals 12000 að tölu í öllum 12 flokkum og eru samanlagt að verðmæti kr. 18720000.00.

## 2. gr.

Fyrri málsliður 7. gr. orðist svo:

Verð ársmiða er kr. 480.00 en endurnýjunarmiða í hverjum flokki kr. 40.00.

## 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 25. október 1961.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Sigtr. Klemenzson.*